

## **Varðandi þjónustbeiðnir til talmeinafræðinga vegna ungra barna með framburðarfrávik**

Beiðnum vegna barna undir þriggja ára með óskýran framburð hefur fjölgað síðustu misseri. Af því tilefni hafa undirritaðir talmeinafræðingar gefið út lausleg viðmið varðandi þessi börn. Ekki er hægt að framburðarprófa þau formlega fyrr en við rúmlega þriggja ára aldur svo gott er, þegar áhyggjur vakna, að vinna markvisst í þrjá mánuði með hljóðkerfisvitund og framburð (Sjá úrræði). Ef framfarir teljast ekki ásættanlegar er hægt að senda þjónustubeiðni í samráði við sérkennslustjóra.

Lausleg viðmið fengin úr framburðarprófi Þóru Másdóttur, talmeinafræðings

Málhljóð sem börn læra frá 2-3 ára: /m/, /n/, /b/, /d/, /g/, /j/, /v/, /f/, /l/

Hljóð sem börn læra frá 3-4 ára: /g/, /p/, /t/, /k/, /f/, /kj/

Hljóð sem börn læra frá 4-5 ára: /s/, /ð/, /hj/, /hl/

Hljóð sem börn læra frá 5-6 ára: /þ/, mjúka /g/, /r/, /hr/, hn/

Það getur líka verið gagnlegt að vita að fram hafa komið vísbendingar um að íslensk börn læri fyrst sérhljóðin, /a/, /í/, /e/, /u/, /i/, /o/, /ö/ og síðan tvíhljóðin; /á/, /æ/, /ei/, /ó/, /au/



**Taka skal aldursviðmiðum með varúð. Um er að ræða lausleg viðmið sem talmeinafræðingar styðjast við þegar framburður barna er metinn. Flest fjögurra ára börn mynda langflest málhljóðanna á réttan hátt en hljóðin sem eru tiltekin í neðsta flokknum (miðað við 5 ára og eldri) eru þau hljóð sem teljast til algengra frávik hjá börnum. Samkvæmt íslenskum rannsóknum geta rúmlega þriggja ára börn myndað 88% einstakra málhljóða rétt.**

Það er mikilvægt að beita aðferðum snemmtæktrar íhlutunar þegar er verið að kenna ungum börnum að leika sér með málhljóðin. Vinnan þarf að vera í gegnum leik ásamt því að gera hlutina skemmtilega og áhugaverða. Samt sem áður þarf íhlutun að vera hnitmiðuð til þess að hjálpa börnum með mikil framburðarfrávik. Þetta á ekki síst við börn sem eru í áhættuhópi fyrir lestrarörðugleika og börn sem sýna einkenni hljóðkerfissröskunar. Einkenni hljóðkerfissröskunar koma oft fram í samfelldu tali. Börnin geta sagt málhljóðin ein og sér en fram kemur brottfall málhljóða úr samhljóðaklösum (skór-gór), framhljóðun (kassi-tassi), einföldum samhljóðaklasa (stelpa-steppa), h-hljóðun (fáni-háni), hliðarhljóðun (renna-lenna), s hljóðun (þak-sak), Fráblástursleysi (panna-banna) og hljóðavíxl (útvarp-úpart). Þetta er ekki nákvæmt yfirlit yfir alla hljóðferla en ætti að gefa mynd af því hvað einkennir börn með hljóðkerfissröskun. Við þurfum alltaf að skoða eðli framburðarfrávik, það er ekki nóg að telja eingöngu fjölda villna. Hljóðkerfissröskun getur bent til vanda í hljóðkerfisvitund sem er einn mikilvægasti undirstöðuþáttur fyrir lestur. Það er líka staðreynd að því lengur sem börn bera málhljóðin rangt fram þeim mun meiri hætta er á því að þau styrki rangan framburð

Það er mikilvægt í öllum tilvikum að fá vitneskju um það hvort að það sé greind lesblinda eða málhömlun í fjölskyldu barnsins. Sýnt hefur verið fram á að erfðir spila

stóran þátt í því hvort að barn eru í áhættuhópi fyrir lesblindu og vandi í hljóðkerfi getur verið vísbending um að barnið sé mögulega í áhættuhópi fyrir lestrarörðugleika. Við þurfum að bregðast strax við með skilgreindri íhlutun ef um slíkt er að ræða.

### Helstu úrræði:

- Það er mikilvægt að ganga úr skugga um að heyrn barnsins sé í lagi
- Fá upplýsingar um hvort að það sé greind lesblinda eða málhömlun í fjölskyldunni
- Tala um hvað talfærin heita og hvað þau gera
- Leika sér með talfærin og máhljóðin fyrir framan spegil (t.d. bíta í vörina og blása -/f/)
- Vinna með hugmyndir úr: *Lubbi finnur málbein, Lærum og leikum með hljóðin* og skemmtilegar stafabækur
- Lesa fyrir börnin á hverjum degi og kenna þeim að umgangast bækur
- Vinna með þulur og vísur
- Styrkja hljóðkerfisvitund: *Markviss málörvun, Ljáðu mér eyra* (Ath vinna með verkefni sem að hæfa aldri barnanna sbr. rím og klappa atkvæði)
- Velja smáforrit á spjaldtölvum sem að henta ungum börnum (smáforrit sem styrkja hlustun, framburð og hljóðkerfisvitund)
- Leika sér að hlusta eftir réttu og röngu máhljóði (hljóðgreining)
- Fræðsla til foreldra um hvað þeir geti gert heima

Ef einhver vafi leikur á um þessi mál og deildarstjóri og/eða sérkennslustjóri óskar eftir álitni talmeinafræðings geta undirritaðar komið inná deild og metið stöðuna hverju sinni, því málin eru jafn misjöfn og þau eru mörg.

***Með bestu kveðjum og gangi ykkur vel !!***

**Álfhildur Þorsteinsdóttir**

***Talmeinafræðingur Skólalþjónustu Árborgar***

**Ásthildur Bj. Snorradóttir**

***Talmeinafræðingur á Skólaskrifstofu Hafnarfjarðar***

